RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sigríður Björk Guðjónsdóttir
Kt. 1007695229
Dags. 6.1.2023 10:18:02
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Arna Lára Jónsdóttir
Kt. 3005765759
Dags. 6.1.2023 11:18:36
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Páll Janus Hilmarsson
Kt. 0504782979
Dags. 6.1.2023 12:10:49
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Helgi Jensson
Kt. 1409623769
Dags. 10.1.2023 09:01:17
Ástæða: Undirritun

Útgáfa 3.0
26.09.2022

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN ALMANNAVARNA

Flugslysaáætlun fyrir Ísafjarðarflugvöll



Ríkislögreglustjóri

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

Almannavarnanefnd Ísafjarðarbæjar

og Súðavíkurhrepps

Isavia

Flugslysaáætlun fyrir Ísafjarðarflugvöll

Athugasemdir við áætlunina skal senda til almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra í netfangið

almannavarnir@logreglan.is

EFNISYFIRLIT - KAFLASKIPTI

1 INNGANGUR 5

2 STAÐHÆTTIR 6

3 SKILGREININGAR 9

VIRKJUN 9
AFBOÐUN 9
SKAMMSTAFANIR 10

4 BOÐUN 11

AFBOÐUN 11
ÓVISSUSTIG 11
HÆTTUSTIG 12
NEYÐARSTIG 13
NEYÐARSTIG-SJÓR 14

5 STJÓRNKERFI 15

GRUNNEININGAR, HLUTVERK OG TENGINGAR STJÓRNKERFISINS 15
AÐGERÐASTJÓRN 16
VERKÞÁTTASKIPURIT FYRIR AÐGERÐASTJÓRN 17
VETTVANGSSTJÓRN 18
VERKÞÁTTASTJÓRAR 19
VERKÞÁTTASKIPURIT FYRIR VETTVANGSSTJÓRN 20
SAMHÆFINGARSTÖÐIN 21
FLUGVALLASTJÓRI 22
FJÖLMIÐLAR 22
RANNSÓKN VETTVANGS 23
LOFTBRÚ 23

6 STARFSSVÆÐI 24

MÓTTÖKUSTAÐUR BJARGA (MÓT) 25
BIÐSVÆÐI Á VETTVANGI (BF, BH OG BTB) 26
SLYSSTAÐUR OG NÆSTA NÁGRENNI (SLY) 27
SÖFNUNARSVÆÐI SLASAÐRA (SSS) 28
SÖFNUNARSVÆÐI LÁTINNA (SSL) 29
GÆSLUSTÖRF Á VETTVANGI 30
SÖFNUNARSVÆÐI AÐSTANDENDA (SSA) 31
TALNING/SKRÁNING 32

7 FLUGSLYS Á SJÓ 33

INNGANGUR 33
STAÐHÆTTIR 33
SKILGREININGAR 33
BOÐUN 33
STJÓRNUN 33
7.1.1 Uppbygging stjórnunar 33
7.1.2 Aðgerðastjórn – SJÓR 33
7.1.3 Vettvangsstjórn – land 34
7.1.4 Björgunarstjóri / vettvangsstjórn – sjór 34
7.1.5 Fjarlægð frá landi eykst. 34
FJARSKIPTI 34
STARFSSVÆÐI Í LANDI 34
RÖÐ AÐGERÐA 35

8 VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA 36

8.1.1 Flugturninn á Ísafirði 37
8.1.3 Flugturninn á Ísafirði 38

8.1.4 Flugturninn á Ísafjarðaflugvelli ... 39
8.1.5 Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík ... 41
8.1.6 Neyðarlínan 112 ... 43
8.1.7 Flugvallarþjónusta Ísafjarðarflugvelli ... 44
8.1.8 Starfsfólk flugfélags og flugstöðvar ... 45
8.1.9 lögreglan á Vestfjörðum Ísafjörður ... 47
8.1.10 Slökkvilið Ísafjarðarbæjar ... 48
8.1.11 Slökkvilið Bolungarvíkur ... 49
8.1.12 Slökkvilið Súðavíkur ... 50
8.1.13 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HVEST) ... 51
8.1.14 Björgunarfélag Ísafjarðar ... 52
8.1.15 Björgunarskipið Gísli Jóns ... 53
8.1.16 Björgunarsveitin Ernir ... 54
8.1.17 Björgunarskipið Kobbi Láka ... 55
8.1.18 Björgunarsveitin Tindar ... 56
8.1.19 Björgunarsveitin Björg ... 57
8.1.20 Björgunarsveitin Sæbjörg ... 58
8.1.21 Björgunarsveitin Dýri ... 59
8.1.23 Björgunarsveitin Kofri ... 60
8.1.24 Svæðisstjórn björgunarsveita, svæði 7 ... 61
8.1.25 Aðgerðastjórn á Vestfjörðum ... 62
8.1.26 Rauði krossinn á norðanverðum Vestfjörðum ... 64
8.1.27 Lóðsinn ... 65
8.1.28 Landspítali Fossvogi slysa- og bráðamóttaka ... 66
8.1.29 Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra ... 67
8.1.30 Landhelgisgæslan ... 68
8.1.31 Samhæfingarstöðin ... 69

9 SKIPULAG FJARSKIPTA ... 70

GRUNNSKIPULAG FJARSKIPTA ... 70
9.2 GRUNNSKIPULAG FJARSKIPTA SJÓ ... 71

10 10.0 KORT ... 72

11 11.0 DREIFINGARLISTI ... 75

12 12.0 BREYTINGA SAGA ... 76

13 13. VIÐAUKAR ... 77

13.1 SKIPULAG SSS ... 77
13.2 TALNINGABLAÐ ... 78

1 INNGANGUR

Flugslysaáætlunin segir fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða í kjölfar flugslyss á eða við Ísafjarðarflugvöll. Hún er unnin af almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og Isavia í samvinnu við almannavarnanefndar Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps. Allir viðbragðsaðilar og aðrir, sem nefndir eru í áætluninni, voru hafðir með í ráðum.

Markmið áætlunarinnar eru að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við Ísafjarðarflugvöll og að þolendum flugslyss berist öll nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma. Flugslysasáætlunin er til leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð en felur ekki í sér endanleg fyrirmæli. Þannig getur lögreglustjóri ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum, í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjórans og Isavia, ber ábyrgð á virkni áætlunarinnar og þessir aðilar vinna saman að uppfærslum og lagfæringum á henni en ritstjórn er á ábyrgð almannavarnadeildar. Áætlunin skal uppfærð á fjögura ára fresti. Boðunarlista hjá Neyðarlínunni vegna áætlunarinnar skal uppfæra eins oft og þörf krefur og a.m.k árlega.

Á sama hátt skal lögreglustjórinn á Vestfjörðum, í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjórans og Isavia, beita sér fyrir því að allir þættir áætlunarinnar séu æfðir að minnsta kosti á fjögurra ára fresti. Einnig skal hann stuðla að reglubundnum æfingum einstakra verkþátta.

Allir sem tengjast áætluninni skulu taka saman verkáætlun um það hvernig þeir leysa þau verkefni sem þeim eru falin skv. 8. kafla. Uppfærsla gátlista er á ábyrgð viðkomandi starfseininga.

Áætlunin miðast við verkþáttaskipuritið SÁBF vegna aðgerða á slysavettvangi.

Við gerð áætlunarinnar var stuðst við lög 88/2008 um almannavarnir, 132. grein loftferðalaga nr. 60/1998 og 6. grein lögreglulaga nr. 90/1996.

Áætlunin telur þegar gildi

01.10.2022

Rafræn undirritun

Ríkislögreglustjóri
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum
Almannavarnarnefnd Ísafjarðar og Súðavíkur
ISAVIA

2 STAÐHÆTTIR

Ísafjarðarflugvöllur (BIIS) er flugvöllur í flokki 4 (CAT IV)



Staðsetning flugvallar: Ísafjarðarflugvöllur er staðsettur á Skipeyri, austanmegin í Skutulsfirði. Brött fjallshlíð, Kirkjubólshlíð, er austanmegin við flugbrautina en sjór, Pollurinn, vestan við hana. Á heimasíðu Isavia ohf (www.Isavia.is) er m.a. að finna eftirfarandi upplýsingar um völlinn:

Flugvallarsvæði: Flugvöllurinn er umlukinn 700m háum fjöllum á þrjá vegu svo aðkoman virðist mjög þröng. Flugskilyrði eru góð í norðaustur og suðvestlægum áttum (í stýrivindi fjallanna), en utan þeirra getur verið ókyrrt og jafnvel hættulegt í austlægum áttum. Stærð flugvallarsvæðis er 6 ha.

Flugbrautir: *Braut:* Ein flugbraut. Lendingarstefnur 08/26 þar sem tölurnar tákna misvísandi segulstefnu þeirrar áttar sem vélin lendir í 08 eru 80° og 26 eru 260°misvísandi stefnur.

Lengd x breidd:	1400 x 45 metrar
Efni / Burðarþol:	Klæðning + Ralumac
Ljós:	Flugbrautarljós, hindranaljós og leifturljós

Aðflug: Aðflug að braut er háð dagsbirtu. Næturbrottflug er aðeins leyft til norðurs.

Hæð brautar: Meðalhæð brautar yfir sjávarmáli á meðalstórstraumsfjöru er 8fet (2,4m)

Hnattstaða: 660329N – 0230807W


Mannvirki: Ísafjarðarflugvöllur stendur við sunnanverðan Skutulsfjörð. Að norðanverðu og við báða brautarenda er sjór en landmegin er völlurinn afgirtur með sauðfjárheldri girðingu og tveggja metra hárri við flugstöð og flughlað. Á flugvellinum er flugstöð, tækjageymsla og flugskýli

Slökkvi- og björgunarbúnaður: Flugvöllurinn uppfyllir slökkviflokk 4 (CAT IV). Á vellinum er 5.100l flugvallarslökkvibifreið. Þá er á vellinum tiltækur búnaður ss. teppi, börur, sjúkrabúnaður ofl.

Akbrautir, vegir, slóðar: Þjóðvegurinn út Skutulsfjörð sunnanmegin liggur samsíða vellinum og frá honum er afleggjari að flugstöðinni. Að öðru leyti er lítið um akvegi á eða við völlinn.

Flugumferð: Áætlunarflug er með allt að 40 sæta Q200 vélar(áhöfn og farþegar). Auk þess er leiguflug og einkaflug með minni vélum.

Athugið að breytingar geta orðið milli ára en nýjustu upplýsingar má finna í rafrænni flugmálahandbók (eAIP) https://eaip.isavia.is/



OCA (H)		CAT A	CAT B	REMARKS
	Climb gradient			
NDB DME	2.5%	890 (882)	910 (902)	PROCEED VFR TO ISAFJORDUR (BIIS)
NDB DME	4.0%	600 (592)	600 (592)	
NDB DME	5.0%	500 (492)	500 (492)	

OG DME	4	3	2	1
ALTITUDE	660	990	1310	1640

Timing not authorized for defining MAP

GS	kt	80	100	120	140	160
OG - MAP (4.5NM)	MIN:SEC	3:22	2:42	2:15	1:56	1:41
Rate of descent 3.1° (5.3%)	ft/MIN	435	540	650	755	865

Aðflug (eftir mælitækjum) að Ísafjarðarflugvelli.



Horft til suðvesturs, inn Skutulsfjörðinn

3 SKILGREININGAR

Virkjun

Flugslysaáætlunina er hægt að virkja á þremur ólíkum háskastigum. Ákvörðun um virkjun er tekin af flugumferðastjóra í flugturni. Þannig tilkynnir flugradío starfsmaður í flugturni Neyðarlínunni um á hvaða stigi skuli virkja áætlunina. Þeir sem heimild hafa til að virkja áætlunina að höfðu samráði við flugturn á Ísafjarðarflugvelli eru:

- Flugturninn á Ísafjarðarflugvelli
- Lögreglan á Vestfjörðum
- Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík
- Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra

Þegar flugslysaáætlunin hefur verið virkjuð eru aðgerðir undir stjórn aðgerðastjórnar. Aðgerðastjórn metur hvort þörf er á að boða fleiri aðila til starfa.

3.2 ÓVISSUSTIG

Skilgreining:

Ástand þar sem óvissa ríkir um öryggi loftfars og þeirra sem í því eru.

3.3 HÆTTUSTIG

Skilgreining:

Ástand þar sem ótti ríkir um öryggi loftfars og þeirra sem í því eru.

3.4 NEYÐARSTIG

Skilgreining:

Ástand þar sem vitað er að loftfar er í alvarlegri, yfirvofandi hættu og þeir sem í því eru þarfnast tafarlausrar aðstoðar. t.d. flugslys á landi.

3.5 NEYÐARSTIG - SJÓR

Skilgreining:

Ástand þar sem vitað er að loftfar er í alvarlegri, yfirvofandi hættu og þeir sem í því eru þarfnast tafarlausrar aðstoðar. t.d. flugslys á sjó.

Afboðun

Einungis aðgerðastjóri eða flugturn hafa heimild til þess að afboða eða breyta háskastigum eftir að flugslysaáætlunin hefur verið virkjuð. Aðgerðastjóri og flugturn hafa samráð um afboðun eða breytingar á háskastigum.

Aðgerðastjórn tilkynnir afboðun og breytingar á háskastigi til flugturns, sem tilkynnir afboðunina eða breytinguna til Neyðarlínu sem sér um framkvæmd afturköllunar og sendir tilkynningu þar um. Aðgerðastjórn tilkynnir auk þess um afboðun á TETRA til þeirra viðbragðsaðila sem hafa verið virkjaðir.

Skammstafanir

AHS	Aðhlynningarstjóri
AST	Aðgerðastjórn /-stjóri
AVN/Av-nefnd	Almannavarnanefnd
BF	Biðsvæði flutningstækja
BH	Biðsvæði hjálparliðs
BTB	Biðsvæði tækja og búnaðar
ETA	Áætlaður komutími (Estimated Time of Arrival)
ETD	Áætlaður brottfarartími (Estimated Time of Departure)
F	Verkþátturinn Flutningar
FMR	Fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustóra
HVEST	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
G	Verkþátturinn Gæslustörf
IL	Innri lokun
Isavia	Isavia, rekstraraðili flugvalla og flugleiðsöguþjónustu á Íslandi
JRCC	Joint Rescue Coordination Centre (Vaktstöð siglinga LHG)
L og B	Verkþátturinn Leit og björgun
LRV	Lögreglan á Vestfjörðum
LSH	Landspítali
LÞ	Lendingarsvæði fyrir þyrlur
Mhz	Megahertz (fjarskiptatíðnir)
MÓT	Móttökustaður fyrir bjargir
OACC	Flugstjórnarmiðstöðin (Oceanic Area Control Center)
RKÍ	Rauði krossinn
RNSA	Rannsóknarnefnd samgönguslysa
S og F	Verkþátturinn Sjúkra- og fjöldahjálp
SÁBF	**S**tjórnun – Áætlun – Bjargir - Framkvæmd
SLY	Slysstaður / slysavettvangur
SSA	Söfnunarsvæði aðstandenda
SSL	Söfnunarsvæði látinna
SSS	Söfnunarsvæði slasaðra
SST	Samhæfingarstöðin
TWR	Flugturn: bygging, starfstöð flugumferðarþjónustu ýmist flugturns eða flugupplýsingaþjónustu
VHF	Very High Frequency
VST	Vettvangsstjórn / -stjóri
VÞS	Verkþáttastjórar
YL	Ytri lokun

4 BOÐUN

Eftirtaldir boða þá, sem verkskyldur hafa, til starfa:

Flugradíó starfsmaður í flugturninum á Ísafjarðarflugvelli gerir eftirfarandi aðilum viðvart:

- Starfsmönnum flugvallarins
- Neyðarlínu 112 (TETRA)
- Fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustjóra (TETRA)
- JRCC Ísland (TETRA)
- Flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík

og tilkynnir um virkjun:

- **ÓVISSUSTIG, HÆTTUSTIG, NEYÐARSTIG eða NEYÐARSTIG-SJÓR**
- **Líklega staðsetningu** atburðar í hnitum skv korti, (ská kafla 10).
- Auk þess veitir hann eftir föngum upplýsingar um atburðinn (sjá nánar kafla 8).

Afboðun

Aðgerðastjórn tilkynnir afboðun og breytingar á háskastigi til flugturns, sem tilkynnir afboðunina eða breytinguna til Neyðarlínu sem sér um framkvæmd hennar og sendir tilkynningu þar um. Aðgerðastjórn tilkynnir auk þess um afboðun á TETRA til þeirra viðbragðsaðila sem hafa verið virkjaðir.

Óvissustig

Neyðarlína 112 boðar með SMS: ÓVISSUSTIG – Ísafjarðarflugvöllur

Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans – Bakvakt
Aðgerðastjórn almannavarna á Vestfjörðum
Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjórans – SMS vaktsími og yfirmenn
Landhelgisgæsluna stjórnstöð / JRCC
Lögregluna á Vestfjörðum
Rannsóknarnefnd samgönguslysa
Slökkvilið Ísafjarðarbæjar
Starfsmenn Isavia á Ísafjarðarflugvelli / hópur 1 – Ó/H/N
Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 7
Isavia höfuðstöðvar / öll flugtengd atvik

Neyðarlína 112 boðar með símtali: ÓVISSUSTIG – Ísafjarðarflugvöllur

Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans – Bakvakt
Flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík (OACC)
Flugturninn á Ísafirði
Landhelgisgæsluna stjórnstöð /JRCC
Rannsóknarnefnd samgönguslysa

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

Hættustig

Neyðarlína 112 boðar með SMS: HÆTTUSTIG – Ísafjarðarflugvöllur

Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans – Bakvakt
Aðgerðastjórn almannavarna á Vestfjörðum
Áhöfn björgunarskipsins Gunnars Friðrikssonar
Áhöfn björgunarskipsins Kobbi Láka
Áhöfn SST – hópur 1
Björgunarfélag Ísafjarðar
Björgunarsveitina Björgu
Björgunarsveitina Dýra
Björgunarsveitina Erni
Björgunarsveitina Kofra
Björgunarsveitina Sæbjörgu
Björgunarsveitina Tinda
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
Isavia höfuðstöðvar / öll flugtengd atvik
Landhelgisgæsluna stjórnstöð /JRCC
Lóðsinn á Ísafirði / Hafnarstjóra
Lögregluna á Vestfjörðum
Rannsóknarnefnd samgönguslysa
Rauði krossinn á Íslandi
Slökkvilið Bolungarvíkur
Slökkvilið Ísafjarðarbæjar
Slökkvilið Súðavíkur
Starfsmenn Isavia á Ísafjarðarflugvelli / hópur 1 – Ó/H/N
Svæðisstjórn björgunarsveita – svæði 7

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

Neyðarstig

Neyðarlína 112 boðar með SMS: NEYÐARSTI – Ísafjarðarflugvöllur

Aðgerðastjórn almannavarna á Vestfjörðum
Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans – Bakvakt
Áhöfn björgunarskipsins Gunnars Friðrikssonar
Áhöfn björgunarskipsins Kobbi Láka
Áhöfn SST – hópur 1 og 2
Björgunarfélag Ísafjarðar
Björgunarsveitina Björgu
Björgunarsveitina Dýra
Björgunarsveitina Erni
Björgunarsveitina Kofra
Björgunarsveitina Sæbjörgu
Björgunarsveitina Tinda
Flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík
Flugturninn á Ísafirði
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
Landsspítala Háskólasjúkrahús Fossvogi
Landhelgisgæsluna stjórnstöð /JRCC
Lóðsinn á Ísafirði / Hafnarstjóra
Lögregluna á Vestfjörðum
Rannsóknarnefnd samgönguslysa
Rauði krossinn á Íslandi
Slökkvilið Bolungarvíkur
Slökkvilið Ísafjarðarbæjar
Slökkvilið Súðavíkur
Starfsmenn Isavia á Ísafjarðarflugvelli / hópur 1 – Ó/H/N
Svæðisstjórn björgunarsveita – svæði 7

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

Neyðarstig-Sjór

Neyðarlína 112 boðar með SMS: NEYÐARSTIG - SJÓR – Ísafjarðarflugvöllur

Aðgerðastjórna almannavarna á Vestfjörðum
Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans – Bakvakt
Áhöfn björgunarskipsins Gunnars Friðrikssonar
Áhöfn björgunarskipsins Kobbi Láka
Áhöfn SST – hópur 1 og 2
Björgunarfélag Ísafjarðar
Björgunarsveitina Björgu
Björgunarsveitina Dýra
Björgunarsveitina Erni
Björgunarsveitina Kofra
Björgunarsveitina Sæbjörgu
Björgunarsveitina Tinda
Flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík
Flugturninn á Ísafirði
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
Landsspítala Háskólasjúkrahús Fossvogi
Landhelgisgæsluna stjórnstöð /JRCC
Lóðsinn á Ísafirði / Hafnarstjóra
Lögregluna á Vestfjörðum
Rannsóknarnefnd samgönguslysa
Rauði krossinn á Íslandi
Slökkvilið Bolungarvíkur
Slökkvilið Ísafjarðar
Slökkvilið Súðavíkur
Starfsmenn Isavia á Ísafjarðarflugvelli / hópur 1 – Ó/H/N
Svæðisstjórn björgunarsveita – svæði 7

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

5 STJÓRNKERFI

Grunneiningar, hlutverk og tengingar stjórnkerfisins

Aðgerðastjórn

AST

Hlutverk:

Yfirstjórn og samhæfing aðgerða innan umdæmis

Bakland vettvangsstjórnar

Tenging við viðbragðsaðila:

Allar starfseiningar innan umdæmis sem eru ekki starfandi á vettvangi

Samhæfingarstöðin

SST

Hlutverk:

Yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana

Flutningur slasaðra milli umdæma

Bakland aðgerðastjórnar

Samhæfing á landsvísu

Tenging við viðbragðsaðila:

Allar bjargir á landinu sem eru starfandi utan umdæmis áfallsins

Ríkisstofnanir

Erlendar bjargir

Vettvangsstjórn

VST

Hlutverk:

Yfirstjórn og samhæfing aðgerða á vettvangi

Bakland verkþáttastjóra

Tenging við viðbragðsaðila:

Allar starfseiningar

við störf á vettvangi

Björgunarstjóri	Aðhlynningarstjóri	Gæslustjóri	Flutningastjóri
Undirstjórnandi	Undirstjórnandi	Undirstjórnandi	Undirstjórnandi
Stjórnandi svæðis	Viðbragðssveit	Stjórnandi svæðis	Stjórnandi MÓT
Stjórnandi verkefnis	Fjarskiptamaður	Stjórnandi talningar	Stjórnandi Biðsvæðis
	Birgðarstjóri		

Aðgerðastjórn

Yfirstjórn aðgerða, samkvæmt 11. gr. laga nr. 82/2008 um almannavarnir, er í þessari áætlun á ábyrgð lögreglustjórans á Vestfjörðum. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða krossins á Íslands, hlutaðeigandi viðbragðsaðila, sbr. viðbragðsáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni.

Aðgerðastjórn er að jafnaði þannig skipuð:

- Lögreglustjórinn á Vestfjörðum eða sá sem hann tilnefnir – **aðgerðastjóri**
- Fulltrúi Slökkviliðs Ísafjarðar
- Fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar
- Fulltrúi Svæðisstjórnar björgunarsveita - svæði 7
- Fulltrúi Rauða krossins
- Fulltrúar flugrekanda og Isavia verði því við komið

Aðgerðastjórn skal huga að starfsliði til að sinna eftirtöldum verkefnum:

- Símsvörun
- Skráningum og almennri ritvinnslu og meðferð upplýsinga
- Fjarskiptum

Helstu verkefni aðgerðastjórnar:

- Stjórn, samhæfing og forgangsröðun heildaraðgerða innan aðgerðasvæðisins
- Endurmat á háskastigi og umfangi
- Samskipti við vettvangsstjóra
- Virkjun starfseininga innan umdæmisins, umfram áætlun þessa
- Heildarskipulag fjarskipta og annarra samskipta innan aðgerðasvæðisins
- Samskipti við sjúkrastofnanir innan aðgerðasvæðisins
- Samskipti við Samhæfingarstöðina
- Samskipti við fjölmiðla (sjá 5.9)
- Samskipti við söfnunarsvæði aðstandenda SSA
- Tryggja, í samráði við flugrekanda/flugafgreiðsluaðila, að farþegalisti sé réttur
- Tryggja aðkomu kennslanefndar
- Yfirfæra vettvanginn til lögreglu og Rannsóknarnefndar samgönguslysa við lok aðgerða
- Vinna samkvæmt verkþáttaskipuritinu fyrir aðgerðastjórn

Aðsetur aðgerðastjórnar:



Aðalaðsetur:


AST. Guðmundarbúð
Sindragötu 6 Ísafirði



Varaaðsetur:

Lögreglustöðin

Verkþáttaskipurit fyrir aðgerðastjórn



Verkaskipting er samkvæmt verkþáttaskipuriti fyrir aðgerðastjórn. Aðgerðastjóri getur breytt verkaskiptingu ef hann telur þörf á.

Vettvangsstjórn

Stjórn og samhæfing á vettvangi samkvæmt flugslysaáætluninni er í höndum vettvangsstjóra sem er tilnefndur af lögreglustjóra.

Vettvangsstjóri kemur að jafnaði úr röðum lögreglunnar. Hann skal hafa þjálfun og reynslu af vettvangsstjórn, sé þess kostur.

Vettvangsstjórn vegna flugslyss á eða við Ísafjarðarflugvöll er skipuð fulltrúum frá:

- Lögreglunni á Vestfjörðum
- Slökkviliði Ísafjarðar
- Svæðisstjórn björgunarsveita - svæði 7
- Isavia

Vettvangsstjóri skal skipta verkefnum milli aðila í vettvangsstjórn eftir aðstæðum hverju sinni.

Vettvangsstjórn skal skipa fólk í skráningu, fjarskipti og önnur störf eftir þörfum.

Mikilvæg verkefni vettvangsstjórnar:

- Heildarstjórn og samhæfing aðgerða á vettvangi í samræmi við verkþáttaskipuritið SÁBF skv. umboði lögreglustjóra.
- Sá sem er skipaður í ***F**ramkvæmd* skal vera í fjarskiptasambandi við verkþáttastjórana (sjá næsta kafla).
- Skipulagning fjarskipta á vettvangi samkvæmt fjarskiptaplani.
- Að tryggja fjarskipti við aðgerðastjórn.

Aðsetur vettvangsstjórnar:

Aðalaðsetur: 2.h. í flugturni
Varaaðsetur: Eftir aðstæðum

Verkþáttastjórar

Á hverju starfssvæði og við hvern verkþátt starfa margar verkeiningar eða starfsstéttir. Nauðsynlegt er að samhæfa störf þeirra og er það hlutverk verkþáttastjóranna en þeir eru millistjórnendur sem stýra og samhæfa verkþætti á vettvangi í umboði vettvangsstjóra.

Verkþáttastjórar	Aðilar sem skipa verkþáttastjóra	Vinnusvæði
Björgunarstjóri	Slökkvilið Ísafjarðar	Við slysstað
Aðhlynningarstjóri	Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar	Við söfnunarsvæðin
Gæslustjóri	Lögreglan	Hreyfanlegur eftir þörfum
Flutningastjóri	Svæðisstjórn björgunarsveita	Hreyfanlegur eftir þörfum

Fyrstu verk allra verkþáttastjóra eru að:

- Hafa samband við vettvangsstjórn og fá fyrirmæli.
- Fá yfirsýn yfir bjargir (mannskap og tæki) sem koma og meta hvort þær nægja.
- Skipa undirstjórnendur og útdeila verkefnum.

Björgunarstjóri stjórnar og samhæfir starfsemi í eða við flugvélarflak, þ.á.m. slökkvistörf, björgun úr flaki, burð þolenda og bráðaflokkun. Verkefni Björgunarstjóra eru:

- **Leit**: Finna og staðsetja þolendur
- **Bráðaflokkun**: Forgangsraða áður en flutt er frá innri lokun.
- **Björgun**: Úr lokuðum rýmum, undan fargi eða öðrum stað. Björgun þolenda og stjórnun flutnings þeirra af slysavettvang.
- **Slökkvistarf**: Stöðva eða hindra útbreiðslu elds.
- **Viðbrögð við mengun**: Hindra útbreiðslu / hreinsa upp.

Aðhlynningarstjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á SSS. Verkefni Aðhlynningarstjóra:

- Fyrsta verk aðhlynningarstjóra er að undirbúa móttöku á þolendum frá slysstað
- **Áverkamat**: Með tilliti til flutnings. Hreyfanlegt. Greina ástand og skrá þolendur.
- **Meðferð**: Til að tryggja öryggi þolenda, veita þá umönnun sem möguleg er fram að og við flutning.
- **Forgangsröðun**: Hverja á að flytja, hvert, hvenær, með hverskonar tæki og hvaða meðferð á að veita.

Gæslustjóri stjórnar og samhæfir umferðarstjórn á vettvangi og verndun og gæslu allra starfssvæða á vettvangi. Verkefni Gæslustjóra:

- **Lokun svæða**: Innri lokun, slysstaður og hættusvæði, Ytri lokun, vettvangurinn.
- **Verndun svæða**: Vettvangur og einstök starfssvæði, verndun látinna, verndun rannsóknarvettvangs, gæsla á lendingarsvæðum, verndun á öðrum starfssvæðum.
- **Umferðarskipulag**: Skipulag umferðar innan innri lokunar, lokanir, almenn umferð og umferð til og frá SSS
- **Talning**: Talning og flæði þolenda.


Flutningastjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á móttökustað, biðsvæðum og nýtingu flutningatækja. Hann hefur umsjón með framkvæmd sjúkraflutninga og flutningi á óslösuðum. Verkefni Flutningastjóra:

- **Móttaka**: Skráir inn í aðgerðina allar bjargir. (Bjargir mæta á MÓT nema annað sé tekið fram)
- **Biðsvæði**: Biðsvæði hjálparliðs (BH). Biðsvæði flutningstækja (BF). Biðsvæði tækja og búnaðar (BTB).
- **Flutningstæki**: Heildaryfirlit (hvað, hvar, hvenær), stýrir nýtingu bjarga. Tæknileg framkvæmd.

Undirstjórnendur vinna undir verkþáttastjórum við stjórnun á ákveðnum verkefnum eða vinnusvæðum. Þeir stýra ákveðnum hóp björgunarmanna. Helstu verkefni undirstjórnanda:

- Aðstoðamaður fylgir verkþáttastjóra í aðgerð og sér um fjarskipti.
- Stýrir hópi björgunarmanna við ákveðin verkefni eða vinnusvæðið.

Verkþáttaskipurit fyrir vettvangsstjórn



Samhæfingarstöðin

Samhæfingarstöðin (SST) er staðsett í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð. Hlutverk hennar er yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnanna jafnt í almannavarnarástandi sem og í öðrum aðgerðum. Flutningur slasaðra milli umdæma og samhæfing allra bjarga á landinu sem eru starfandi utan umdæmis áfallsins. Þegar Samhæfingarstöðin er starfrækt koma saman fulltrúar þeirra eininga sem eru með viðbragðsaðila við störf í aðgerðinni eða aðra hagsmunar aðila. Auk samhæfingar er stöðin ráðgefandi fyrir aðgerðarstjórnir, hún hefur aðgang að vísindamönnum og öðrum sérfræðingum ef á þarf að halda. Þá sér stöðin um samskipti við erlendar bjargir og aðra aðstoð erlendis frá

SST er skipuð:

- Deildarstjóra AVD eða þeim sem hann tilnefnir – **Stjórnandi**
- Starfsmönnum almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra
- Fulltrúum landsstjórnar björgunarsveita
- Fulltrúum Rauða kross Íslands
- Fulltrúum frá heilbrigðisstofnun
- Fulltrúum Sambands sveitafélaga
- Öðrum eftir atvikum, Veðurstofu, LHG, Isavia, Vegagerð, Raf og fjarskiptafyrirtæki og fleiri

SST Stjórnandi skipar fólk í eftirfarandi verkefni:

- Fjölmiðlum í samstarfi við AST á aðgerðarsvæðinu
- Skráningu og almennri ritvinnslu og meðferð upplýsinga
- Fjarskiptum
- Bjargir
- Framkvæmd
- Áætlanir

Helstu verkefni SST:

- Stjórn, samhæfing og útvegun bjarga úr öðrum umdæmum
- Endurmat á háskastigi og umfangi í samráði við AST
- Samskipti við AST um Tetra talhóp **Blár SST**
- Virkjun starfseininga utan umdæmisins
- Kalla saman vísindamannaráð, ef þörf krefur
- Hafa samskipti við sjúkrastofnanir utan umdæmis
- Hafa samskipti við fjölmiðla í samstarfi við AST
- Samskipti við ríkisstofnanir
- Samskipti við vísindamenn
- Starfrækja þjónustumiðstöð, ef við á
- Vinna samkvæmt verkþáttaskipuritinu **SÁBF** fyrir SST

Aðsetur Samhæfingarstöðvarinnar:

Björgunarmiðstöðin Skógarhlið í Reykjavík

Til vara:

Ákvörðun stjórnanda á hverjum tíma

Kortatákn:

SST

Flugvallastjóri

Stjórn Ísafjarðarflugvallar er á höndum Isavia. Stjórn vallarins er sinnt af: Flugradíóstarfsmanni í flugturni í samráði við rekstrarstjóra flugvallarins (umdæmisstjóra). Þau störf fela m.a. í sér:

- Ábyrgð á flugvallarsvæðinu.
- Ákvörðun um opnun eða lokun flugvallarins fyrir umferð að lokinni brautarskoðun.
- Halda uppi samskiptum við aðgerðastjórn, m.a. vegna sjúkraflugs um völlinn.
- Halda uppi samskiptum við starfsfólk í flugstöð.
- Halda uppi samskiptum við flugfélögin á Ísafjarðarflugvelli.
- Halda uppi samskiptum við flugturninn vegna frekara flugs.
- Halda uppi samskiptum við aðra aðila / starfseiningar innan Isavia.
- Tryggja samskipti við Rannsóknarnefnd samgönguslysa – Flugslysasvið vegna starfa hennar á flugvellinum.
- Annast samskipti við eiganda loftfars, tryggingafélag, lögreglu og RNF vegna brottflutnings flaksins

Fjölmiðlar

Fjórar meginstarfseiningar koma að samskiptum við fjölmiðla.

- Lögreglustjóri / Aðgerðastjórn (stjórnandi aðgerðarinnar)
- Flugrekandi (eigandi loftfarsins)
- Isavia (yfirstjórn Flugvalla- og mannvirkjasviðs)
- Samhæfingarstöðin (samhæfing aðgerða)
    - Landhelgisgæsla Íslands (í þeim tilfellum sem JRCC er virkjuð)

Að jafnaði getur Samhæfingarstöðin aðstoðað lögreglustjóra / aðgerðastjórn í samskiptum við fjölmiðla, fyrst um sinn.

Mikilvægt er að fulltrúar þessara fjögurra aðila / starfseininga hafi samráð vegna samskipta við fjölmiðla meðan á aðgerðinni stendur og hugsanlega eftir að henni lýkur.

Helstu verkefni:

- Eins fljótt og auðið er skal senda fréttatilkynningu til fjölmiðla og síðan reglulega eftir því sem þurfa þykir.
- Tilnefna skal einn tengilið við fjölmiðla.
- Ákvarða skal fasta tíma til að senda út upplýsingar um stöðu mála.
- Sé þess kostur skal ákvarða stað þangað sem fjölmiðlar geta komið og fengið upplýsingar.

Aðgengi að vettvangi:

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um aðgengi fjölmiðla að vettvangi á meðan á björgunaraðgerðum og vettvangsrannsókn lögreglu og Rannsóknarnefndar samgönguslysa stendur. Að þeim loknum er aðgangur fjölmiðla að vettvangi á ábyrgð Isavia (ef vettvangur er innan flugvallarsvæðis) eða lögreglu (ef vettvangur er utan flugvallarsvæðis). Fjölmiðlar sem fá aðgang um flugvallasvæðið skulu vera í fylgd með starfsmanni Isavia. Tryggt skal að aðkoma fjölmiðla trufli ekki aðgerðir og að öllum hlutaðeigandi aðilum sé tryggð fylsta nærgætni.

Upplýsingar um afdrif þolenda:

Upplýsingar um afdrif þeirra, sem lenda í flugslysi, eru á ábyrgð lögreglustjóra og skulu ekki veittar fjölmiðlum nema með vitund og samþykki eftirtalinna eftir því sem við á:

- Lögreglustjóra
- Flugrekanda
- Samhæfingarstöðvarinnar

Rannsókn vettvangs

Mikilvægt er að allir, sem starfa á vettvangi, gæti þess að spilla ekki ummerkjum vegna rannsóknar.

Rannsókn vettvangs er tvíþætt. Annars vegar er rannsókn Rannsóknarnefndar samgönguslysa sem snýr að því að upplýsa orsök slyssins. Hins vegar er rannsókn lögreglunnar, sem snýr að því að upplýsa hvort um refsvert athæfi geti verið að ræða.

- Rannsókn getur hafist samhliða björgunaraðgerðum, en þá háð leyfi björgunarstjóra varðandi aðgang að vettvanginum á meðan björgunarstarf er í gangi.
- RNS og rannsóknarmenn lögreglu skulu setja sig í samband við VST þegar þeir koma á vettvang sem kemur þeim í sambandi við Gæslustjóra.
- VST afhentir vettvang til lögreglu þegar björgunaraðgerðum er lokið.
- Eiganda vélar og tryggingafélagi í samvinnu við flugvallarstjóra er heimilt að fjarlægja flak, eftir að RNS og lögregla hafa lokið störfum og gefið heimild til þess.

Loftbrú

Eftir að Neyðarlínan hefur boðað út skv. boðunaráætlun er Samhæfingarstöðin mönnuð. Þá setur neyðarvörður strax í gang undirbúning loftbrúar sem Samhæfingarstöðin tekur við þegar hún hefur verið mönnuð. Virkjað er strax í upphafi fyrir flutning á helmingi farþegafjölda eða sætafjölda ef farþegafjöldi liggur ekki fyrir. Samhæfingarstöðin leitar m.a. eftir upplýsingum frá AS um þörf á björgum til að senda með loftbrúnni á slysstað. Þegar loftbrú er komin í gang sér fulltrúi Isavia í Samhæfingarstöðinni um samskipti við vélina í gegnum flugturn á Ísafirði. Flugturninn á Ísafirði tilkynnir AS um brottfarir sjúkraflugs frá Ísafirði og fulltrúi Isavia í Samhæfingarstöðinni leitar upplýsinga um ástand sjúklinga í gegnum flugmann vélarinnar.

6 STARFSSVÆÐI

Í þessum kafla er fjallað um starfssvæðin sem þarf að skipuleggja þegar tekist er á við hópslys. Það er ljóst að ef ekki er um að ræða slys, þar sem margir eru slasaðir, mun ekki verða þörf á að virkja öll starfssvæðin. Engu að síður þarf að gera ráð fyrir þeim í skipulaginu og frekar að virkja þau frá upphafi og síðan að loka þeim ef ekki reynist þörf fyrir þau en að ætla að ákveða í miðri aðgerð hvað á að virkja og hvað ekki.

Einnig er hér fjallað um verkefni og lokanir sem ekki er hægt að setja niður sem ákveðið starfssvæði.

Starfsvæðum má skipta í tvo megin flokka. Söfnunarsvæði, sem ætluð eru þolendum óhappsins, og biðsvæði sem ætluð eru þeim björgum er bíða eftir verkefnum eða hafa lokið sínum verkefnum og bíða eftir því að vera leystar frá störfum. Um nánari skilgreiningar á starfssvæðum og verkefnum, sem nefnd eru í þessum kafla, vísast til vettvangsstjórnarheftis almannavarna.

Söfnunarsvæði fyrir þolendur

- Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)
- Söfnunarsvæði látinna (SSL)
- Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

Biðsvæði fyrir bjargir

- Biðsvæði hjálparliðs (BH)
- Biðsvæði tækja & búnaðar (BTB)
- Biðsvæði flutningstækja (BF)

Móttökustaður bjarga (MÓT)

Starfsemi: Staður þar sem bjargir tilkynna sig til skráningar inn á svæðið í verkefni, ýmist með því að mæta á staðinn eða tilkynna sig í gegnum fjarskipti og fá staðfestingu á ákvörðunarstað.

Staðsetning land: 1) Á flughlaði fyrir framan flugturn

2) Annað eftir ákvörðun vettvangsstjóra eða flutningastjóra.

3) Lendingarsvæði þyrlu



Staðsetning sjór: Guðmundarbúð (húsnæði Björgunarfélags Ísafjarðar)



Verkþáttastjóri: **Flutningastjóri**

Undirstjórnandi: Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 7. Kallmerki „Stjórnandi MÓT“

Hverjir sinna: Lögreglan á Vestfjörðum


Svæðisstjórn björgunarsveita - svæði 7

Skráning allra bjarga inn og út af MÓT, tegund sveitar, stærð og kallmerki. Upplýsa vettvangsstjórn og flutningastjóra reglulega um stöðu bjarga:


Flutningastjóri tilnefnir undirstjórnanda MÓT sem sinnir í MÓT. Flutningastjóri getur falið honum að taka alfarið yfir stjórnun í MÓT, en Flutningastjóri verður samt áfram ábyrgur fyrir ákvörðunum um samhæfingu og nýtingu bjarga.

Kortatákn:

Móttökustaður



Lendingarsvæði þyrlu



Biðsvæði á vettvangi (BF, BH og BTB)

Starfsemi: Staðir sem bjargir bíða á þangað til þeim hefur verið úthlutað í verkefni eða á meðan þær eru í hvíld. Þaðan eru bjargir sendar í verkefni samkvæmt fyrirmælum vettvangsstjóra. Halda þarf skrá um allar bjargir í samvinnu við Móttöku. Biðsvæði geta verið innan eða utan við ytri lokun (innri- eða ytri-biðsvæði).

Staðsetning land: 1) Á flughlaði fyrir framan flugturn.

2) Annað eftir ákvörðun vettvangsstjóra eða flutningastjóra.



Staðsetning sjór: Guðmundarbúð (húsnæði Björgunarfélags Ísafjarðar)

Verkþáttastjóri: **Flutningastjóri**

Hverjir sinna: Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 7

Lögreglan á Vestfjörðum

Verkefni og verkaskipting:

Umsjón og eftirlit með hjálparliði á biðsvæði	Lögregla / björgunarsveitir
Virkjun hjálparliðs til verkefna skv. beiðni	Lögregla / björgunarsveitir
Skráning flutningatækja og flutningsgetu	Lögregla / björgunarsveitir
Umsjón og eftirlit virkjun flutningatækja til verkefna	Lögregla / björgunarsveitir
Skráning tækja og búnaðar á biðsvæði	Lögregla / björgunarsveitir
Sending tækja og / eða búnaðar skv. beiðni	Lögregla / björgunarsveitir
Leiðbeina og skipuleggja umferð milli biðsvæðis og slysstaðar	Lögregla / björgunarsveitir

Kortatákn:

Biðsvæði flutningstækja	Biðsvæði hjálparliðs	Biðsvæði tækja og búnaðar
BF	BH	BTB

Slysstaður og næsta nágrenni (SLY)

Starfsemi: Björgun fólks úr hættu, bráðaflokkun, umönnun og undirbúningur fyrir flutning á söfnunarsvæði slasaðra til frekari greiningar og skráningar, slökkvistörf og eldvarnir, mengunarvarnir, leit umhverfis flakið og hreinsunarstörf.

Staðsetning land: Staðurinn þar sem slysið er og næsta nágrenni. Afmarkast oft af innri lokun.

Staðsetning sjór: Svæðið þar sem flak flugvélarinnar er eða þar sem talið er að hún hafi farið í sjóinn. (ath. getur verið dreift).

Verkþáttastjóri: **Björgunarstjóri**

Aðrir stjórnendur: Þegar yfirmaður greiningarsveitar Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða mætir á slysstað gefur hann sig fram við björgunarstjóra og tekur yfir stjórnun á bráðaflokkun og forgangsröðun vegna flutnings á söfnunarsvæði slasaðra SSS.


Hverjir sinna:
Slökkvilið Ísafjarðarflugvallar
Starfsmenn flugfélaga á Ísafjarðarflugvelli
Slökkvilið Ísafjarðarbæjar
Lögreglan á Vestfjörðum
Greiningarsveit Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar
Björgunarsveitir

Verkefni og verkaskipting

Slökkvistörf, eld- og mengunarvarnir	Flugvallarþjónusta / Slökkvilið
Lífsbjargandi aðstoð	Flugvallarþjónusta/Slökkvilið/ sjúkraflutningslið/björgunarsveitir
Björgun úr flaki	Flugvallarþjónusta/Slökkvilið/björgunarsveitir
Burður slasaðra frá flaki	Flugvallarþjónusta/Slökkvilið/björgunarsveitir
Leit umhverfis flakið	Björgunarsveitir
Hreinsunarstörf	Slökkvilið/Flugvallarþjónusta
Bráðaflokkun	Sjúkraflutningslið/björgunarsveitir
Umönnun þolenda	Sjúkraflutningslið/björgunarsveitir
Undirbúningur fyrir flutning á SSS	Sjúkraflutningslið/björgunarsveitir
Hleðslustjórn	Björgunarsveitir
Hleðsla sjúkrabifreiða	Sjúkraflutningslið/björgunarsveitir
Talning í flutningi á SSS	Gæslustjóri/lögreglan
Flutningur slasaðra til SSS.	Sjúkraflutningslið/björgunarsveitir

Rannsóknarnefnd samgönguslysa og rannsakendur lögreglu . Þessir aðilar fylgja sérstakri áætlun um rannsókn svæðisins og falla ekki undir stjórn björgunarstjóra.

Kortatákn:



Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

Starfsemi: Staður sem slösuðum er safnað á til áverkamats, skráningar, umönnunar og forgangsröðunar til flutnings. Þar fer einnig fram hleðsla og afhleðsla sjúkrabifreiða. Gefa þarf fyrirmæli um ákvörðunarstað og eftirlit í flutningi.

Staðsetning land: Flugstöð Ísafjarðarflugvallar, (sjá mynd í kafla 13).



Staðsetning sjór: Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar

Verkþáttastjóri: **Aðhlynningarstjóri**


Aðrir stjórnendur: Yfirmaður greiningarsveitar Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar stjórnar áverkamati, læknisfræðilegri meðferð og forgangsröðun á söfnunarsvæði slasaðra SSS.

Hverjir sinna: Greiningarsveit Heilbrigðistofnunar Ísafjarðarbæjar
Sjúkraflutningamenn
Sjúkraflokkar björgunarsveita
Rauði krossinn

Verkefni og verkaskipting:

Áverkamat slasaðra	Greiningarsveit
Skráning/talning þolenda við móttöku og brottför	Lögregla / björgunarsveitir
Forgangsröðun í flutningi frá SSS til sjúkrahúss	Stjórnandi, læknir
Fyrirmæli um ákvörðunarstað og eftirlit í flutningi	Stjórnandi, læknir
Umönnun og undirbúningur fyrir flutning	Greiningarsveit/Sjúkraflutningslið/ björgunarsveitir
Afhleðsla og hleðsla sjúkrabifreiða á SSS	Sjúkraflutningslið/Björgunarsveitir
Flutningur lítið slasaðra (grænir) frá SSS yfir á Grænasvæðið	RKÍ/Björgunarsveitir
Innri starfssemi á græna svæðinu og upplýsingar til aðhlynningarstjóra	RKÍ/heilbrigðisstarfsmenn

Kortatákn:



Söfnunarsvæði látinna (SSL)

Starfsemi: Staður þar sem líkum eða líkamshlutum er safnað, kennsl, skráning og skýrslugerð fer fram.

Staðsetning land: Flugskýli 3 (Stóra rauða flugskýlið)



Staðsetning sjór: Sindragata 3

Verkþáttastjóri: **Gæslustjóri**

Hverjir sinna: Lögreglan á Vestfjörðum

Kennslanefnd ríkislögreglustjóra

Aðrir samkvæmt ákvörðun Gæslustjóra

Verkefni og verkaskipting

Uppsetning svæðisins og gæsla þess	Lögreglan
Bera kennsl á látna	Kennslanefnd
Skráning og skýrslugerð	Lögreglan / Kennslanefnd
Tryggja vinnuaðstöðu fyrir lækna	Lögreglan
Úrskurða einstaklinga látna	Héraðslæknir

Kortatákn

SSL

Gæslustörf á vettvangi

Starfsemi: Lokun svæða fyrir umferð, verndun vettvangs og gæsla eftir þörfum á starfssvæðum og biðsvæðum, skipulagning á umferðarstjórn, umsjón með Söfnunarsvæði látinna og talning.

Verkþáttastjóri: **Gæslustjóri**

Aðstoðamaður: Lögreglumaður eða Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 7

Kallmerki „Gæslustjóri“.

Undirstjórnandi: Verkefnisstjóri / Svæðisstjóri eftir eðli verkefnis

Ytri lokun Aksturleið inn á flugvallarsvæði lokað. Nái vettvangur út fyrir afmarkað flugvallarsvæði er, eftir atvikum, þjóðveg1 61 lokað við Hafrafell, skammt austan Holtahverfis á Ísafirði og lokunarhlið utan þorpsins í Súðavík. Þannig afmarkist ytri lokun vettvangs. Björgunar- og hjálparlið hafi aðgang inn fyrir innri lokun á vellinum um sund sem er norðan við flugstöðina.

Innri lokun Innri lokun miðast við slysstað sem er skilgreindur í samráði við björgunarstjóra.

Bílaumferð á flugvelli: Þar sem við á getur þurft að stýra umferð viðbragðsaðila á vellinum t.d. með tilliti til sjúkraflugs. Gert í samvinnu við flugvallarstarfsmenn með keilur og talstöðvarsamband við flugturn.

Hverjir sinna: Lögreglan á Vestfjörðum

Björgunarsveitir

Flugvallastarfsmenn

Verkefni og verkaskipting

Uppsetning á innri lokun við slysstað	Lögreglan
Verndun vettvangs vegna rannsóknar	Lögreglan
Skipulag á umferðastjórn og lokunum innan vallar	Lögreglan/Björgunarsveitir
Umsjón með söfnunarsvæði látinna	Lögreglan
Framkvæmd á gæslu einstakra starfssvæða	Lögreglan
Löggæsla og verndun á slysavettvangi	Lögreglan
Löggæsla og verndun á söfnunarsvæði	Lögreglan/Björgunarsveitir
Ytri lokanir	Lögreglan/Björgunarsveitir


Kortatákn:

Innri lokun



Afmarkar þau svæði sem eru algjörlega lokuð öðrum en neyðarþjónustuaðilum.

Ytri lokun



Afmarkar umráða- og starfssvæði vettvangsstjórnar.

Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

Starfsemi: Staður þar sem aðstandendum er safnað saman til upplýsingagjafar, skráningar og stuðnings. Sameining aðstandenda og þeirra sem komust óslasaðir frá slysinu.

Staðsetning

land og sjór: Fjöldahjálparstöð – Grunnskólinn, Aðalstræti eða samkvæmt ákvörðun AST hverju sinni



Ábyrgð: Aðgerðastjórn (ATH, er ekki undir stjórn vettvangsstjórnar).

Aðrir stjórnendur: Rauði krossinn á Íslandi stjórnar innri starfsemi á SSA í umboði AST og upplýsir AST um stöðu mála hverju sinni.

Hverjir sinna: Rauði krossinn á Íslandi

Starfsmenn þjóðkirkju og annarra trúfélaga

Fulltrúi flugrekanda/flugafgreiðsluaðila

Upplýsingagjöf til aðstandenda	RKÍ / fulltrúi flugrekanda/flugafgreiðsluaðila.
Skráning aðstandenda og tengsl við þolendur	RKÍ
Áfallahjálp og andleg uppörvun	RKÍ / prestar
Sameining aðstandenda og lítið slasaðra	RKÍ

Kortatákn:



Talning/Skráning

Starfsemi: Talning og staðsetning þolenda í slysinu. Hafa yfirsýn um hvar þolendur eru á hverjum tíma. Gæslustjóri eða fulltrúi hans sér um að taka saman tölur frá talningapóstum og upplýsa VST og AST um fjölda og staðsetningu.

Staðsetning Talið á slysstað (bráðaflokkun), inn og út af söfnunarsvæðum (SSS og SSL). Afrifa bráðaflokkunarspjalds skilin eftir þegar viðkomandi fer úr af SSS.

Verkþáttarstjóri: **Gæslustjóri**

Hverjir sinna: Lögreglan

Björgunarsveitir

Rauði krossinn á Íslandi

Kortatákn:

TALNING

Á slysstað

Þar fer fram bráðaflokkun og í því kerfi eru þolendur taldir eftir bráðaflokkun og gefur þetta fyrstu upplýsingar um ástand þolenda á slysstað. Björgunarstjóri kemur þessum upplýsingum til Gæslustjóra og/eða VST

Á söfnunarsvæði slasaðra
Þar er talið inn og út af svæðinu.

Á söfnunarsvæði látinna
Þar fer fram talning og skráning á látnum og líkamshlutum.

Af svæðinu
Þegar þolendur fara út af SSS (á sjúkrastofnanir eða önnur söfnunarsvæði utan VST) skilja þeir eftir afrifur greiningarspjalda. Talningamenn skrá á afrifuna hvert viðkomandi verður fluttur.

Það er hlutverk VST í samvinnu við SST að vinna úr skráningum og tryggja að vitað sé um alla sem í slysinu lentu þegar aðgerðum er lokið.

Talningablað – sjá viðauka í 13. kafla.

7 FLUGSLYS Á SJÓ

Inngangur

Flugslys, eða hætta á flugslysi á sjó, kallar á sértækar aðgerðir. Allt skipulag verður að laga sig að staðsetningunni og ytri aðstæður s.s. veður geta haft mikil áhrif. Kaflinn 7 um atriði sem sérstaklega snúa að uppbyggingu vegna aðgerða á sjó.

Aðilar eru sammála um að flugslysaáætlun Ísafjarðaflugvallar gildi sjálfkrafa innan 10 mílna radíus frá flugvellinum til hafs, þ.e. að öll boðun og uppbygging fari fram samkvæmt henni. Ávallt verður þó að taka tillit til aðstæðna s.s. varðandi veður og sjólag. Ef vafi er á að slysstaður sé innan 10 mílna skal boða samkvæmt FFH.

Sé slysið áætlað lengra frá landi en 10 mílur, fellur það undir önnur viðmið um leit og björgun og þá aðrar áætlanir. Ávallt er þó hægt að taka ákvörðun um að nýta sér flugslysaáætlunina þó fjarlægð sé lengri.

Staðhættir

Aðflug að Ísafjarðarflugvelli liggur mikið yfir sjó:

Aðflug á 26:	Úr norðri inn Skutulsfjörð, frá Ísafjarðardjúpi.
Aðflug að 08:	Úr norðri inn Skutulsfjörð, yfir Holtahverfi, til suðurs móts við Engidal

Skilgreiningar

Skilgreiningar vegna aðgerða á sjó eru tvíþættar. Í fyrsta lagi vegna hættustigs, lítið eða stórt sem kallar á ákveðin viðbúnað, mest þó í formi viðbragðsstöðu bátaflokka. Í öðru lagi neyðarstig – sjór, þar sem flugslys hefur orðið á sjó.

Boðun

Boðun fer fram samkvæmt kafla 4, neyðarstig á sjó.

Stjórnun

Landhelgisgæslan ber ábyrgð á og stjórnar leit og björgun vegna loftfara sem óttast er um, lenda í flugslysum eða er saknað. Landhelgisgæslan ber ábyrgð á vettvangsstjórn ef slysstaður er á hafinu. Isavia annast viðbúnaðarþjónustu vegna loftfara.

Um leit og björgun loftfara gilda ákvæði 132. gr. loftferðarlaga nr. 60 /1998. Um leit og björgun á hafinu gilda lög um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006.

7.1.1 Uppbygging stjórnunar

Stjórnun björgunaraðgerða á sjó felur í sér nokkur stig, eftir staðsetningu og umfangi atburðarins, en í þessari áætlun er stjórnun skipt upp í eftirfarandi þætti:

Stutt frá landi,	vettvangsstjórn í landi, samhæfing í SST, björgunarstjóri á sjó
Lengra frá landi,	vettvangs- og samhæfing í SST, björgunarstjóri á sjó
Á hafi úti,	samhæfing í SST, vettvangsstjórn á sjó.

7.1.2 Aðgerðastjórn – SJÓR

Aðgerðastjórn er staðsett í björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð. Þar eru til staðar þær stjórnstöðvar sem koma að boðun og samhæfingu. Í upphafi er boðun og samræming á höndum þeirra stöðva sem eru með 24t. vakt.

Í framhaldi er sett saman aðgerðastjórn sem samanstendur af fulltrúum aðgerðarstjórnar og fulltrúum frá LHG/VSS. Sú aðgerðastjórn vinnur í nánu samstafi við NL, FMR og SST.

7.1.3 Vettvangsstjórn – land

Sé fjarlægð frá landi þannig að möguleiki sé að stjórna aðgerðinni frá landi er byrjað að byggja upp vettvangsstjórn í landi, sbr. kafla 5.4-5.6 um vettvangsstjórn. Að auki bætist við fulltrúi LHG. Leitast við að byggja upp skipulag með björgunarstjóra á slysstað. Allt annað skipulag sett upp í takt við umfang og þarfir, s.s. gæslustjóri, aðhlynningarstjóri og flutningsstjóri. Biðsvæði bjarga í landi. Biðsvæði bjarga á sjó í samráði við björgunarstjóra.

Sé umfang eða staðsetning slyssins þannig að það kallar á aðra uppbyggingu skal skipuleggja það, sjá björgunarstjóri/vettvangsstjórn - sjór. Vettvangsstjórn – LAND fer þá í að sinna öðrum hlutverkum sem snúa að aðgerðum á landi, s.s. biðsvæði bjarga, móttöku, aðhlynningu og flutning í samræmi við fyrirliggjandi þörf.

7.1.4 Björgunarstjóri / vettvangsstjórn – sjór

Ef aðstæður eru þannig gefur LHG/VSS (MRCC) út hver stjórnar á slysstað, þ.e. björgunarstjóri (On Scene Commander, OSC) strax í upphafi aðgerðanna, þar til aðgerðastjórn ákveður annað.

Ef umfang eða staðsetning slysins kallar á vettvangsstjórn út við slysstaðinn skal byrja að byggja hana upp. Hún verður þá að vera staðsett á sjó og leitast skal við að fulltrúar þeirra sem eru í vettvangsstjórn LAND séu í henni. Staðsetning um borð í skipi á svæðinu.

7.1.5 Fjarlægð frá landi eykst.

Utan við 10 mílur gildir flugslysaáætlun Ísafjarðarflugvallar ekki sjálfkrafa, en hægt að taka þá ákvörðun að boða og byggja upp aðgerðirnar skv. henni ef þurfa þykir.

Fjarskipti

Í upphafi fara fjarskipti milli báta og LHG/VSS fram á VHF rás 16 (uppkalls- og neyðartíðni skipa og báta). Samskipti við loftför í leit / björgun fara fram á gegnum flugturn.

Almenn neyðarrás skipa	VHF 16

Frekari útfærsla á skipulagi fjarskipta er í framhaldi ákveðin af vettvangsstjórn og/eða aðgerðastjórn í samvinnu. Þær vinnurásir sem m.a. eru mögulegar eru eftirfarandi:

Vinnurás fyrir viðbragðsaðila	VHF 5 - björgunarsveitir, sameiginleg
Vinnurás fyrir skip og báta	VHF 10
Fjarskipti stjórnanda á sjó/land	Í samræmi við fjarskiptaskipulag í kafla 9.
Fjarskipti í landi	Í samræmi við fjarskiptaskipulag í kafla 9.

Starfssvæði í landi

Ef það er mögulegt þá skal leitast við að starfssvæði við flugslys á sjó, séu þau sömu og við flugslys á landi, sjá kafla 6. Þó verður að taka tillit til staðsetningu slyssins og fjarlægðir.

Biðsvæði bjarga skiptast í tvennt, á sjó og á landi. Á sjó, ákveðið biðsvæði sem gefið er upp. Ef ekki er gefið upp ákveðið biðsvæði eða bátar hafa ekki fengið sérstök fyrirmæli um aðkomu skulu þeir sigla í átt að slysstaðnum, tilkynna um komu sína þegar þeir nálgast og bíða frekari fyrirmæla frá LHG/VSS - aðgerðastjórn.

Móttaka og biðsvæði bjarga:	Skv. ákvörðun aðgerðastjórnar / vettvangsstjórnar
Biðsvæði bjarga á landi:	Skv. ákvörðun aðgerðastjórnar / vettvangsstjórnar
Söfnunarsvæði slasaðra (SSS):	Skv. ákvörðun aðgerðastjórnar / vettvangsstjórnar
Söfnunarsvæði látinna (SSL):	Skv. ákvörðun aðgerðastjórnar / vettvangsstjórnar
Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA):	Skv. ákvörðun aðgerðastjórnar / vettvangsstjórnar
Fjöldahjálparstöð:	Skv. ákvörðun aðgerðastjórnar / vettvangsstjórnar

Röð aðgerða
Viðbragðsaðilar gera báta klára, tilkynna sig af stað til LHG/JRCC/OSC um VHF rás 16.
OSC mun í samráði við flugturn veita bátum á leið á vettvang þær upplýsingar eru fyrirliggjandi um staðsetningu og umfang slyssins.
Sigla í átt að uppgefnu biðsvæði.
Ef ekki er ákveðið biðsvæði eða bátar hafa ekki fengið sérstök fyrirmæli um aðkomu skulu þeir sigla í átt að slysstaðnum, tilkynna um komu sína þegar þeir nálgast og bíða frekari fyrirmæla frá LHG/OSC.
Fyrsti bátur á slysstað er stjórnandi (OSC) þangað til annað er gefið út af JRCC
Við langar og/eða flóknar aðgerðir eða aðgerðir lengra frá landi breytist uppbygging vettvangsins í samræmi við það.

8 VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA

Í þessum kafla er verkefnum þeirra, sem skyldum hafa að gegna í flugslysaáætlun Ísafjarðarflugvallar, gerð skil. Nauðsynlegt er að allir þekki og skilji sín verkefni. Allir aðilar, sem hér hafa hlutverk, skulu útbúa gátlista byggða á þessum verkefnum og leggja þá fyrir lögreglustjórann á Ísafirði til samþykktar.

8.1.1 Flugturninn á Ísafirði 37
8.1.3 Flugturninn á Ísafirði 38
8.1.4 Flugturninn á Ísafjarðaflugvelli 39
8.1.5 Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík 41
8.1.6 Neyðarlínan 112 43
8.1.7 Flugvallarþjónusta Ísafjarðarflugvelli 44
8.1.8 Starfsfólk flugfélags og flugstöðvar 45
8.1.9 Lögreglan á Vestfjörðum Ísafjörður 47
8.1.10 Slökkvilið Ísafjarðarbæjar 48
8.1.11 Slökkvilið Bolungarvíkur 49
8.1.12 Slökkvilið Súðavíkur 50
8.1.13 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HVEST) 51
8.1.14 Björgunarfélag Ísafjarðar 52
8.1.15 Björgunarskipið Gísli Jóns 53
8.1.16 Björgunarsveitin Ernir 54
8.1.17 Björgunarskipið Kobbi Láka 55
8.1.18 Björgunarsveitin Tindar 56
8.1.19 Björgunarsveitin Björg 57
8.1.20 Björgunarsveitin Sæbjörg 58
8.1.21 Björgunarsveitin Dýri 59
8.1.23 Björgunarsveitin Kofri 60
8.1.24 Svæðisstjórn björgunarsveita, svæði 7 61
8.1.25 Aðgerðastjórn á Vestfjörðum 62
8.1.26 Rauði krossinn á norðanverðum Vestfjörðum 64
8.1.27 Lóðsinn 65
8.1.28 Landspítali Fossvogi slysa- og bráðamóttaka 66
8.1.29 Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra 67
8.1.30 Landhelgisgæslan 68
8.1.31 Samhæfingarstöðin 69

8.1.1 Flugturninn á Ísafirði

ÓVISSUSTIG

Ísafjarðarflugvöllur með boðun á ÓVISSUSTIGI auk lýsingar ástands
í gegnum BOÐUN (TETRA-FST-BOÐUN). (Varaleið 112)

Boðun: „**Ísafjarðarflugvöllur tilkynnir óvissustig** (ástandslýsing)**"**

☐ **Neyðarlínu 112** (sem tryggir frekari boðun skv. 4. kafla í Flugslysaáætlun)

☐ **JRCC Ísland** (sem virkjar aðgerðir skv. gildandi verklagi) (varaleið **511-3333**)

☐ **Fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustjóra** (sem virkjar aðgerðir skv. gildandi verklagi)

☐ **Starfsfólk flugvallar,** um kallkerfi vallarins (7 neyð allar stöðvar)

Ástandslýsing/upplýsingargjöf:

☐ Tilefni aðvörunar/ eðli háskans / bilunar
☐ Tegund flugvélar og sætafjölda eða farþegafjölda
☐ Staðsetning flugfars (hnit skv. korti í kafla 10 í Flugslysaáætlun)
☐ Áætlað flugþol
☐ Áætlaðan lendingartíma
☐ Áætlaða aðflugsstefnu / flugbraut sem verður notuð

Undirbúningur vegna hugsanlegra björgunarstarfa:

☐ Tryggja virkt upplýsingaflæði á **Tetra Blár 4-0**
☐ Tryggir samskipti við viðbragðshópa um Tetra **Blár 4-0** og báta á sjó um Rás 16

Annað:

☐ Aflar upplýsinga frá flugrekanda um farþegalista / fjölda um borð.
☐ Heldur tímaskráningu atburða eftir því sem aðstæður leyfa.
☐ Tilkynna Flugstjórn og óska eftir Supplementary Flight plan (viðbótar flugáætlun).
☐ Tilkynna flugvallastjóra / umdæmisstjóra.
☐ Kallar til aðstoð í flugturninn ef þurfa þykir og kostur er.
☐ Afboðanir og breytingar á háskastigi eru gerðar í samráði við aðgerðastjórn

Starfsmenn á frívakt fá öll boð Neyðarlínunnar og skulu mæta á flugvöll á

óvissustig -hættustig - neyðarstig- og neyðarstig-sjór

8.1.3 Flugturninn á Ísafirði

HÆTTUSTIG

Ísafjarðarflugvöllur með boðun á HÆTTUSTIGI auk lýsingar ástands
í gegnum BOÐUN (TETRA-FST-BOÐUN). (Varaleið 112)

Boðun: „ **Ísafjarðarflugvöllur tilkynnir HÆTTUSTIG** (ástandslýsing) **”**

☐ **Neyðarlínu 112** (sem tryggir frekari boðun skv. 4. kafla í Flugslysaáætlun)

☐ **JRCC Ísland** (sem virkjar aðgerðir skv. gildandi verklagi) (varaleið **511-3333**)

☐ **Fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustjóra** (sem virkjar aðgerðir skv. gildandi verklagi)

☐ **Starfsfólk flugvallar,** um kallkerfi vallarins (7 neyð allar stöðvar)

Ástandslýsing/upplýsingargjöf:

☐ Tilefni aðvörunar/ eðli háskans / bilunar
☐ Tegund flugvélar og sætafjölda eða farþegafjölda
☐ Staðsetning flugfars (hnit skv. korti í kafla 10 í Flugslysaáætlun)
☐ Áætlað flugþol
☐ Áætlaðan lendingartíma
☐ Áætlaða aðflugsstefnu / flugbraut sem verður notuð

Undirbúningur vegna hugsanlegra björgunarstarfa:

☐ Tryggja virkt upplýsingaflæði á **Tetra blár 4-0**.
☐ Tryggir samskipti við viðbragðshópa um **Tetra blár 4-0** og báta á sjó um Rás 16

Annað:

☐ Aflar upplýsinga frá flugrekanda um farþegalista / fjölda um borð.
☐ Heldur tímaskráningu atburða eftir því sem aðstæður leyfa.
☐ Tilkynna Flugstjórn og óskar eftir Supplementary Flight plan (viðbótar flugáætlun).
☐ Tilkynna flugvallastjóra / umdæmisstjóra.
☐ Kallar til aðstoð í flugturninn ef þurfa þykir og kostur er
☐ Afboðanir og breytingar á háskastigi eru gerðar í samráði við aðgerðastjórn

Starfsmenn á frívakt fá öll boð Neyðarlínunnar og skulu mæta á flugvöll á

óvissustig -hættustig - neyðarstig- og neyðarstig-sjór

8.1.4 Flugturninn á Ísafjarðaflugvelli

NEYÐARSTIG

Ísafjarðarflugvöllur með boðun á NEYÐARSTIGI auk lýsingar ástands
í gegnum BOÐUN (TETRA-FST-BOÐUN). (Varaleið 112)

1 Boðun: „ **Ísafjarðarflugvöllur tilkynnir NEYÐARSTIG LAND** (ástandslýsing)**“**

- ☐ **Neyðarlínu 112** (sem tryggir frekari boðun skv. 4. kafla í Flugslysaáætlun)
- ☐ **Fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustjóra** (sem virkjar aðgerðir skv. gildandi verklagi)
- ☐ **JRCC Ísland** (sem virkjar aðgerðir skv. gildandi verklagi) (varaleið **511-3333**)
- ☐ **Starfsfólk flugvallar,** um kallkerfi vallarins (**7 neyð allar stöðvar**)

1 Ástandslýsing/upplýsingargjöf:

- ☐ Eðli slyss / háska og hvort eldar logi
- ☐ Staðsetningu slysstaðar (hnit skv. korti í kafla 10 í Flugslysaáætlun)
- ☐ Tegund flugvélar og sætafjölda eða farþega
- ☐ Áætlaða aðflugsstefnu / flugbraut ef flugvélin er ekki lent

2 Undirbúningur vegna hugsanlegra björgunarstarfa:

- ☐ Tryggja virkt upplýsingaflæði á **Tetra Blár 4-0**
- ☐ Klæðist slökkvigalla, heldur á slysstað og aðstoðar við björgunarstörf þar til frekari hjálp berst.
- ☐ Tilkynnir loftförum/Flugstjórn um lokun flugvallarins ef þörf er á.
- ☐ Ef slysið er fjarri flugvelli: Senda flugvélar á vettvang til upplýsingaöflunar/ leitar ef kostur er.

3 Annað eftir að turn hefur verið mannaður:

- ☐ Upplýsa Flugstjórn um ástand mála, m.a. með tilliti til sjúkraflugs
- ☐ Aflar upplýsinga frá flugrekanda varðandi fjölda um borð og að farþegalisti og farmskrá verði send til aðgerðastjórnar á avi@isafjordur.is
- ☐ Tilkynna flugvallastjóra / umdæmisstjóra og óska eftir aðstoð (ef þarf).
- ☐ Kannar með tiltækar flugvélar á Ísafjarðarflugvelli til sjúkraflugs og lætur aðgerðarstjórn vita í ast@isafjordur.is eða í síma: **450-8217/450-8218**
- ☐ Upplýsir VST (**Tetra Blár 4-0** og AST um áætlaðar komur sjúkraflugvéla og lendingartíma þeirra/brottfarir véla og brottfaratíma
- ☐ Skipuleggur, ef þörf er, akstursstýringu um flugbrautir í samráði við vettvangsstjórn.
- ☐ Heldur tímaskráningu atburða eftir því sem aðstæður leyfa.
- ☐ Afboðanir og breytingar á háskastigi eru gerðar í samráði við aðgerðastjórn

Skýringar:

- ☐ Verk unninn á fyrstu mínútum inni í turni.
- ☐ Verk unnin inni í turni eða á leið á slysstað.
- ☐ Verk unnin eftir að flugradíómaður er kominn aftur í flugturn.

Starfsmenn á frívakt fá öll boð Neyðarlínunnar og skulu mæta á flugvöll á

óvissustig -hættustig - neyðarstig- og neyðarstig-sjór

Flugturninn á Ísafjarðarflugvelli

NEYÐARSTIG - SJÓR

Ísafjarðarflugvöllur með boðun á NEYÐARSTIGI Sjór auk lýsingar ástands
í gegnum BOÐUN (TETRA-FST-BOÐUN) (Varaleið 112)

1 Boðun: „**Ísafjarðarflugvöllur tilkynnir NEYÐARSTIG SJÓR** (ástandslýsing)**"**

- ☐ **Neyðarlínu 112** (sem tryggir frekari boðun skv. 4. kafla í Flugslysaáætlun)
- ☐ **JRCC Ísland** (sem virkjar aðgerðir skv. gildandi verklagi) (varaleið **511-3333**)
- ☐ **Fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustjóra** (sem virkjar aðgerðir skv. gildandi verklagi)
- ☐ **Starfsfólk flugvallar,** um kallkerfi vallarins (7 neyð allar stöðvar)
- ☐ Skipum og bátum um **VHF 16-Neyðarrás skipa**

1 Ástandslýsing/upplýsingargjöf:

- ☐ Eðli slyss/ háska
- ☐ Staðsetning slysstaðar (hnit skv. korti í kafla 10 í Flugslysaáætlun)
- ☐ Tegund vélar og sætafjölda eða farþegafjölda
- ☐ Áætlaða aðflugsstefnu, lendingarstefna eða flugbraut, ef vél er ekki lent.

2 Undirbúningur vegna björgunarstarfa:

- ☐ Tryggja virkt upplýsingaflæði á **Tetra Blár 4-0**
- ☐ Klæðist flotgalla, heldur á slysstað og aðstoðar við björgunarstörf þar til frekari hjálp berst.
- ☐ Ef slysið er fjarri flugvelli: Senda flugvélar á vettvang til upplýsingaöflunar/ leitar ef kostur er.

3 Annað / eftir að turn hefur verið mannaður:

- ☐ Upplýsa Flugstjórn um ástand mála, m.a. með tilliti til sjúkraflugs
- ☐ Tilkynna flugvallastjóra / umdæmisstjóra og óska eftir aðstoð (ef þarf).
- ☐ Aflar upplýsinga frá flugrekanda varðandi fjölda um borð og að farþegalisti og farmskrá verði send til aðgerðastjórnar á avi@isafjordur.is.
- ☐ Kannar með tiltækar flugvélar á Ísafjarðarflugvelli til sjúkraflugs og lætur aðgerðarstjórn vita í ast@isafjordur.is eða í síma:**450-8217/450-8218**
- ☐ Upplýsir VST (**Tetra VST-4)** og AST (um áætlaðar komur sjúkraflugvéla)
- ☐ og lendingartíma þeirra/brottfarir véla og brottfaratíma.
- ☐ Skipuleggur, ef þörf er, akstursstýringu um flugbrautir í samráði við vettvangsstjórn.
- ☐ Heldur tímaskráningu atburða eftir því sem aðstæður leyfa
- ☐ Afboðanir og breytingar á háskastigi eru gerðar í samráði við aðgerðastjórn

Skýringar:

- ☐ Verk unninn á fyrstu mínútum inni í turni.
- ☐ Verk unnin inni í turni eða á leið á slysstað.
- ☐ Verk unnin eftir að flugradíómaður er kominn aftur í flugturn.

Starfsmenn á frívakt fá öll boð Neyðarlínunnar og skulu mæta á flugvöll á

óvissustig -hættustig - neyðarstig- og neyðarstig-sjór

8.1.5 Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík

ÓVISSUSTIG

AÐALVARÐSTJÓRI SKAL :

- ☐ Kynna nánustu yfirmönnum stöðu mála
- ☐ Tilkynna upplýsingafulltrúa Isavia
- ☐ Útvega fullkomna flugáætlun (ef við á)
- ☐ Skoða fyrri upplýsingar frá loftfarinu (ef við á)
- ☐ Kanna stöðu hjá JRCC
- ☐ Halda tímaskráningu á atburðarás
- ☐ Vinna að öðru leyti samkvæmt gildandi starfsreglum í flugstjórnarmiðstöð
- ☐ Gera annað sem að gagni mætti koma

HÆTTUSTIG

AÐALVARÐSTJÓRI SKAL :

- ☐ Kynna nánustu yfirmönnum stöðu mála
- ☐ Tilkynna upplýsingafulltrúa Isavia
- ☐ Útvega fullkomna flugáætlun (ef við á)
- ☐ Skoða fyrri upplýsingar frá loftfarinu (ef við á)
- ☐ Kanna stöðu hjá JRCC
- ☐ Gera ráðstafanir til að láta spila fjarskipti við loftfarið (ef við á)
- ☐ Gera ráðstafanir til að láta spila ratsjárgögn (ef við á)
- ☐ Undirbúa mönnun FST í Samhæfingarstöðinni
- ☐ Aðstoða flugturn Ísafjarðarflugvallar eins og þurfa þykir
- ☐ Halda tímaskráningu á atburðarás
- ☐ Vinna að öðru leyti samkvæmt gildandi starfsreglum í flugstjórnarmiðstöð
- ☐ Gera annað sem að gagni mætti koma

Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík

NEYÐARSTIG - LAND

AÐALVARÐSTJÓRI SKAL :

- ☐ Kynna nánustu yfirmönnum stöðu mála
- ☐ Tilkynna upplýsingafulltrúa Isavia
- ☐ Útvega fullkomna flugáætlun (ef við á)
- ☐ Skoða fyrri upplýsingar frá loftfarinu (ef við á)
- ☐ Láta spila fjarskipti við loftfarið (ef við á)
- ☐ Láta spila ratsjárgögn (ef við á)
- ☐ Senda starfsmann í Samhæfingarstöðina (ef á vakt í Flugstjórn)
- ☐ Gera ráðstafanir til lokunar loftrýmis (ef við á)
- ☐ Aðstoða flugturn Ísafjarðarflugvallar eins og þurfa þykir
- ☐ Aðstoða Samhæfingarstöðina eins og þurfa þykir eftir að hún er virkjuð
- ☐ Halda tímaskráningu á atburðarás
- ☐ Vinna að öðru leyti samkvæmt gildandi starfsreglum í flugstjórnarmiðstöð
- ☐ Gera annað sem að gagni mætti koma

NEYÐARSTIG - SJÓR

AÐALVARÐSTJÓRI SKAL :

- ☐ Kynna nánustu yfirmönnum stöðu mála
- ☐ Tilkynna upplýsingafulltrúa Isavia
- ☐ Útvega fullkomna flugáætlun (ef við á)
- ☐ Skoða fyrri upplýsingar frá loftfarinu (ef við á)
- ☐ Láta spila fjarskipti við loftfarið (ef við á)
- ☐ Láta spila ratsjárgögn (ef við á)
- ☐ Senda starfsmann í Samhæfingarstöðina (ef á vakt í Flugstjórn)
- ☐ Gera ráðstafanir til lokunar loftrýmis (ef við á)
- ☐ Aðstoða flugturn Ísafjarðarflugvallar eins og þurfa þykir
- ☐ Aðstoða Samhæfingarstöðina eins og þurfa þykir eftir að hún er virkjuð
- ☐ Halda tímaskráningu á atburðarás
- ☐ Vinna að öðru leyti samkvæmt gildandi starfsreglum í flugstjórnarmiðstöð
- ☐ Gera annað sem að gagni mætti koma

8.1.6 Neyðarlínan 112

ÓVISSUSTIG

1. Boðar viðbragðsaðila samkvæmt boðunarlista í kafla 4.

BOÐUNARKÓÐI FYRIR ÓVISSUSTIG:

ÓVISSUSTIG – Ísafjarðarflugvöllur

HÆTTUSTIG

1. Boðar viðbragðsaðila samkvæmt boðunarlista í kafla 4.

BOÐUNARKÓÐI FYRIR HÆTTUSTIG:

HÆTTUSTIG – Ísafjarðarflugvöllur

2. Mannar borð 112 í SST

NEYÐARSTIG-

1. Boðar viðbragðsaðila samkvæmt boðunarlista í kafla 4.

BOÐUNARKÓÐI FYRIR NEYÐARSTIG LAND:

NEYÐARSTIG - LAND – Ísafjarðarflugvöllur

2. Mannar borð 112 í SST

NEYÐARSTIG - SJÓR

1. Boðar viðbragðsaðila samkvæmt boðunarlista í kafla 4.

BOÐUNARKÓÐI NEYÐARSTIG Á SJÓ:

NEYÐARSTIG - SJÓR – Ísafjarðarflugvöllur

2. Mannar borð 112 í SST

8.1.7 Flugvallarþjónusta Ísafjarðarflugvelli

ÓVISSUSTIG

Starfsmenn Flugvallarþjónustu á vakt:

- ☐ Gerir sig kláran í slökkvigalla
- ☐ Gerir slökkvibílinn kláran og tekur úr vélageymslu
- ☐ Fær aðstoð frá starfsmanni flugfélags (ef mögulegt)
- ☐ Gerir kerru ISAVIA klára og tekur úr vélageymslu
- ☐ Gerir björgunarbát kláran til notkunar
- ☐ Tryggir fjarskipti við flugturn um talhópinn **Blár 4-0**
- ☐ Er í slökkvibíl og fylgist með lendingu þegar flugvél kemur inn til lendingar

Starfsmenn Flugvallarþjónustu á frívakt:

- ☐ Mætir á flugvöll; klæðist slökkvigalla
- ☐ Fær upplýsingar um stöðu mála frá vakthafandi flugvallarverði

HÆTTUSTIG

Starfsmenn Flugvallarþjónustu á vakt:

- ☐ Gerir sig kláran í slökkvigalla
- ☐ Gerir slökkvibílinn kláran og tekur úr vélageymslu
- ☐ Fær aðstoð frá starfsmanni flugfélags (ef mögulegt)
- ☐ Gerir kerru ISAVIA klára og tekur úr vélageymslu
- ☐ Gerir björgunarbát kláran til notkunar
- ☐ Tryggir fjarskipti við flugturn um talhópinn **Blár 4-0**
- ☐ Er í slökkvibíl og fylgist með lendingu þegar flugvél kemur inn til lendingar

Starfsmenn Flugvallarþjónustu á frívakt:

- ☐ Mætir á flugvöll; klæðist slökkvigalla
- ☐ Fær upplýsingar um stöðu mála frá vakthafandi flugvallarverði

NEYÐARSTIG-

Starfsmenn Flugvallarþjónustu á vakt:

- ☐ Klæðist slökkvigalla
- ☐ Keyrir slökkvibílinn á slysstað, slekkur elda, kemur fólki úr hættu og hlúir að fólki þar til frekari aðstoð berst
- ☐ Tryggir samskipti við flugturn og upplýsir um gang mála um talhópinn **Blár 4-0**
- ☐ Afhendir stjórn slysstaðar til Slökkviliðs Ísafjarðar og upplýsir um stöðu mála
- ☐ Fyllir á slökkvibíl eins fljótt og kostur er og hefur hann tiltækan vegna sjúkraflugs
- ☐ Framkvæmir brautarskoðun eins fljótt og kostur er með tilliti til frekara flugs
- ☐ Sér um umferðarstjórn á flugvelli í samvinnu við gæslustjóra og flugturns, með tilliti til sjúkraflugs og aksturs neyðaraðila um völlinn

Starfsmenn Flugvallarþjónustu á frívakt:

- ☐ Mætir á flugvöll; klæðist slökkvigalla
- ☐ Fer á slysstað og sinnir störfum með flugvallareftirlitsmanni á vakt skv. Verklýsingu hér að ofan

NEYÐARSTIG – SJÓR

Starfsmenn Flugvallarþjónustu á vakt:

- ☐ Gerir björgunarbát ISAVIA kláran og tekur úr vélageymslu
- ☐ Fer þegar í stað á slysstað með björgunarbát og fleka. (Ath. Með aðstoð frá starfsmanni flugfélags, turnmanni eða frívaktarmanni)
- ☐ Tryggir fjarskipti við flugturn um talhópinn **Blár 4-0**
- ☐ Ef við á: Sér um umferðarstjórn á flugvelli í samvinnu við gæslustjóra og flugturns, með tilliti til sjúkraflugs og aksturs neyðaraðila um völlinn

Starfsmenn Flugvallarþjónustu á frívakt:

- ☐ Mætir á flugvöll og sinnir störfum með flugvallareftirlitsmanni á vakt skv. Verklýsingu hér að ofan

8.1.8 Starfsfólk flugfélags og flugstöðvar

ÓVISSUSTIG

Starfsmenn flugrekanda og flugstöðvar :

- ☐ Ákvarða hverjir manni verkefni á (sjá neyðarstig-land)
- ☐ Kallar fólk á flughlaði inn
- ☐ Tryggir að farangurslúga og hurðir út á flughlað séu lokaðar
- ☐ Róar fólk sem kann að vera í uppnámi
- ☐ Hefur samband við starfsfólk FÍ og samræmir aðgerðir
- ☐ Fylgjast með framvindu mála og upplýsa annað starfsfólk í sjoppu
- ☐ Ákvarða hverjir manni verkefni á (sjá neyðarstig-land)
- ☐ Loka hliðinu inn á flugbraut fyrir öðrum en þeim sem hafa skyldum að gegna
- ☐ Hafa kerru ISAVIA með sjúkrabúnaði tilbúna til notkunar fyrir utan tækjageymslu
- ☐ Hefur samband við húsvörð og samræmir aðgerðir
- ☐ Róa fólk sem kann að vera í uppnámi
- ☐ Útvega réttan farþegalista ásamt farmskrá
- ☐ Aðstoða flugvallar þjónustu eftir föngum
- ☐ Fylgjast með framvindu mála og upplýsa annað starfsfólk í flugstöð

HÆTTUSTIG

Starfsmenn flugrekanda og flugstöðvar :

- ☐ Ákvarða hverjir manni verkefni á (sjá neyðarstig-land)
- ☐ Kallar fólk á flughlaði inn
- ☐ Tryggir að farangurslúga og hurðir út á flughlað séu lokaðar
- ☐ Róar fólk sem kann að vera í uppnámi
- ☐ Hefur samband við starfsfólk FÍ og samræmir aðgerðir
- ☐ Fylgjast með framvindu mála og upplýsa annað starfsfólk í sjoppu
- ☐ Ákvarða hverjir manni verkefni á (sjá neyðarstig-land)
- ☐ Loka hliðinu inn á flugbraut fyrir öðrum en þeim sem hafa skyldum að gegna
- ☐ Hafa kerru ISAVIA með sjúkrabúnaði tilbúna til notkunar fyrir utan tækjageymslu
- ☐ Hefur samband við húsvörð og samræmir aðgerðir
- ☐ Róa fólk sem kann að vera í uppnámi
- ☐ Útvega réttan farþegalista ásamt farmskrá
- ☐ Aðstoða flugvallar þjónustu eftir föngum
- ☐ Fylgjast með framvindu mála og upplýsa annað starfsfólk í flugstöð

NEYÐARSTIG-

Starfsmenn flugrekanda og flugstöðvar (skipta með sér verkum eftir því hverjir eru á staðnum):

- ☐ Kalla fólk inn af flughlaði
- ☐ Tryggir að farangurslúga og hurðir út á flughlað séu lokaðar (virkja ábyrga einstaklinga í flugstöð)
- ☐ Flytja borð og stóla úr flugstöð út á bílastæði (virkja ábyrga einstaklinga í flugstöð)
- ☐ Róar fólk sem kann að vera í uppnámi, beina aðstandendum á söfnunarsvæði aðstandenda (SSA) í Grunnskóla Ísafjarðar við Austurveg
- ☐ Loka hliðinu inn á flugbraut fyrir öðrum en þeim sem hafa skyldum að gegna
- ☐ Fara með kerru ISAVIA með sjúkrabúnaði út á slysstað og aðstoðar flugvallareftirlitsmann
- ☐ Aðstoða húsvörð við að rýma flugstöð og gera klára fyrir söfnunarsvæði slasaðra (SSS), sækja greiningaborð og annan búnað í vélageymslu ISAVIA
- ☐ Útvega réttan farþegalista ásamt farmskrá og senda vettvangsstjórn (í flugturni) og aðgerðastjórn í
- ☐ Róar fólk sem kann að vera í uppnámi, beina aðstandendum á söfnunarsvæði aðstandenda (SSA) í Grunnskóla Ísafjarðar við Austurveg
- ☐ Aðstoða flugvallar þjónustu við umferðastjórnun um flugbraut vegna frekara flugs
- ☐ Hlaðstjórn og ground handling vegna sjúkraflugs
- ☐ Aðstoða flugvallar þjónustu eftir föngum

NEYÐARSTIG – SJÓR

Starfsmenn flugrekanda og flugstöðvar (skipta með sér verkum eftir því hverjir eru á staðnum):

- ☐ Kalla fólk inn af flughlaði
- ☐ Tryggir að farangurslúga og hurðir út á flughlað séu lokaðar (virkja ábyrga einstaklinga í flugstöð)
- ☐ Flytja borð og stóla úr flugstöð út á bílastæði (virkja ábyrga einstaklinga í flugstöð)
- ☐ Róar fólk sem kann að vera í uppnámi, beina aðstandendum á söfnunarsvæði aðstandenda (SSA) í Grunnskóla Ísafjarðar við Austurveg
- ☐ Loka hliðinu inn á flugbraut fyrir öðrum en þeim sem hafa skyldum að gegna
- ☐ Klæðast flotgalla og aðstoða flugvallar þjónustu við sjósetningu báts og störf á slysstað
- ☐ Fara með kerru ISAVIA með sjúkrabúnaði að slysstað og aðstoðar (ef þörf krefur)
- ☐ Aðstoða húsvörð við að rýma flugstöð og gera klára fyrir söfnunarsvæði slasaðra (SSS), sækja greiningaborð og annan búnað í vélageymslu ISAVIA
- ☐ Útvega réttan farþegalista ásamt farmskrá og senda vettvangsstjórn (í flugturni) og aðgerðastjórn í póstfang
- ☐ Róar fólk sem kann að vera í uppnámi, beina aðstandendum á söfnunarsvæði aðstandenda (SSA) í Grunnskóla Ísafjarðar við Austurveg
- ☐ Aðstoða flugvallar þjónustu við umferðastjórnun um flugbraut vegna frekara flugs
- ☐ Hlaðstjórn og ground handling vegna sjúkraflugs
- ☐ Aðstoða flugvallar þjónustu eftir föngum

8.1.9 lögreglan á Vestfjörðum Ísafjörður

ÓVISSUSTIG

1. Lögreglumenn á vakt fara yfir verkefni VST á hættu- og neyðarstigi
2. Varðstjóri felur Neyðarlínu að boða lögreglulið/tilgreinda lögregluflokka til stöðvar skv. frekari fyrirmælum eftir eðli yfirvofandi vár
3. Sendir lögreglubifreið í viðbúnaðarstöðu á Holtabraut, sem undirbýr lokun til flugvallar og bíður frekari fyrirmæla
4. Sendir lögreglubifreið með tiltækt lögreglulið og vettvangsstjóra á flugvöll til að halda reglu í flugstöð og síðar að einangra hugsanlegan slysstað
5. Tryggir fjarskiptasamband við lögreglu á starfssvæðum aðgerðarstjórnar og vettvangsstjóra

HÆTTUSTIG

1. Varðstjóri felur Neyðarlínu að boða lögreglulið á lögreglustöð
2. Sendir lögreglubifreið í viðbúnaðarstöðu á Holtabraut til að lokar fyrir aðra umferð til flugvallar en neyðartækja
3. Sendir lögreglubifreið með tiltækt lögreglulið og vettvangsstjóra á flugvöll til að halda reglu í flugstöð og síðar að einangra hugsanlegan slysstað
4. Virkjar fjarskiptaskipulag samkvæmt kafla 9

NEYÐARSTIG-

1. Varðstjóri felur Neyðarlínu að boða lögreglulið á lögreglustöð
2. Varðstjóri boðar tollverði til aðstoðar
3. Sendir lögreglubifreið til að loka fyrir aðra umferð en neyðartækja við Holtabraut, sé slysið á eða við flugvöll
4. Sendir lögreglubifreið til slysstaðar með allt tiltækt lögreglulið og vettvangsstjóra - lögreglan aðstoðar vettvangsstjóra við að einangra slysstað
5. Virkjar fjarskiptaskipulag samkvæmt kafla 9

NEYÐARSTIG - SJÓR

1. Sendir lögreglumann um borð í Gísli Jóns
2. Tekur ákvörðun með hliðsjón af slysstað hvar björgunarbátar skulu lenda og lætur fylgja í boðun
3. Varðstjóri felur Neyðarlínu að boða lögreglulið á lögreglustöð
4. Sendir allt tiltækt lögreglulið til að loka af og einangra lendingarstað björgunarbáta fyrir annarri umferð en neyðarumferð
5. Sendir lögreglubifreið með vettvangsstjóra til lendingarstaðar björgunarbáta
6. Virkjar fjarskiptaskipulag samkvæmt kafla 9

8.1.10 Slökkvilið Ísafjarðarbæjar

ÓVISSUSTIG

1. Felur Neyðarlínu að boða mannafla eftir eðli yfirvofandi vár

HÆTTUSTIG

1 Slökkviliðsstjóri fer í stjórnstöð aðgerðarstjórnar

2 Sendir sjúkrabíla í viðbragðsstöðu á flugvelli

3 Sendir slökkvilið í viðbragðsstöðu á flugvelli

4 Yfirmaður slökkviliðs gefur sig fram við vettvangsstjóra og flugvallareftirlitsmann og lagar viðbúnað þeirra að heildarbúnaði slökkviliðs

5 Stjórnar viðbúnaði til eldvarna í samráði við flugvallareftirlitsmann

NEYÐARSTIG-

1. Slökkviliðsstjóri eða staðgengill hans fer í stjórnstöð aðgerðarstjórnar
2. Sendir sjúkrabifreiðar á slysstað til sjúkraflutninga á SSS og / eða sjúkrahús eftir mati læknis. Tekur tiltækar sjúkrabörur
3. Sendir allt tiltækt slökkvilið á slysstað til slökkvistarfa og björgunar úr flaki
4. Virkjar flugvallareftirlitsmenn og starfsmenn Flugfélags Íslands til aðstoðar.
5. Yfirmaður slökkviliðs fer með vettvangsstjórn þar til vettvangsstjóri tekur við
6. Að loknu slökkvistarfi og björgun úr flaki skulu slökkviliðsmenn byrja að hlúa að slösuðum og flytja þá á söfnunarsvæði slasaðra, sem skal velja í næsta fáanlegu skjóli

NEYÐARSTIG - SJÓR

1 Slökkviliðsstjóri eða staðgengill hans fer í stjórnstöð aðgerðarstjórnar

